

Fullgild rafræn undirskrift  
**BJÖRGVIN HALLDÓR BJÖRNSSON**  
Kennitala: 160882-3609  
2025-05-26 13:44:01 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**GUÐRÚN BJÖRK BJARNADÓTTIR**  
Kennitala: 140972-3129  
2025-05-26 13:53:12 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**TÓMAS ÞORVALDSSON**  
Kennitala: 230753-3939  
2025-05-26 14:21:35 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**GUNNAR KVARAN HRAFNSSON**  
Kennitala: 050657-4859  
2025-05-26 14:26:15 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**HJÖRTUR INGVI JÓHANNSSON**  
Kennitala: 070987-2799  
2025-05-26 14:28:48 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**EINAR HAFLÍDI EINARSSON**  
Kennitala: 201056-3739  
2025-05-26 16:11:40 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**ÁSMUNDUR JÓNSSON**  
Kennitala: 150355-4199  
2025-05-26 19:29:30 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**JÓNAS SIGURÐSSON**  
Kennitala: 160574-3999  
2025-05-26 19:47:56 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON**  
Kennitala: 070683-3779  
2025-05-30 08:54:39 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**MAGNÚS HRAFN MAGNÚSSON**  
Kennitala: 101180-3529  
2025-05-30 09:04:20 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**VÉDÍS HERVÖR ÁRNADÓTTIR**  
Kennitala: 080782-5439  
2025-05-30 10:56:54 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**GUNNAR GUÐMUNDSSON**  
Kennitala: 300153-4029  
2025-05-30 11:57:43 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift  
**VERA SVEINBJÖRNSDÓTTIR**  
Kennitala: 281181-4919  
2025-05-30 13:15:35 GMT  
Ástæða: Undirskrift

# IHM - Innheimtumiðstöð rétthafa Ársreikningur 2024

IHM - Innheimtumiðstöð rétthafa  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík  
kt. 531284-0119

# IHM - Innheimtumiðstöð rétthafa

## Ársreikningur 2024

### Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda og félagskjörins skoðunarmanns	2-3
Skýrsla og áritun stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-13

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og aðila í IHM - Innheimtumiðstöð rétthafa

### Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning IHM - Innheimtumiðstöð rétthafa fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma, skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð mín samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Ég er óháður IHM - Innheimtumiðstöð rétthafa í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og hef ég uppfyllt ákvæði þeirra reglna þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt IHM - Innheimtumiðstöð rétthafa óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi IHM - Innheimtumiðstöð rétthafa. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið mitt er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar oq sér eða samanlagðar.

Endurskoðun mín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitt er gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Framkvæmt var einnig eftirfarandi:

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðferðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metu hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

## Áritun óháðs endurskoðanda

- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef talinn að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minni. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
  - Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Mér ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðunni, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 26. maí 2025

Einar Hafliði Einarsson  
endurskoðandi

## Áritun félagskjörins skoðunarmanns

### Til stjórnar og aðila í IHM - Innheimtumiðstöð rétthafa

Við undirrituð kjörnir félagslegir skoðunarmenn IHM höfum farið yfir ársreikning IHM fyrir árið 2024. Við teljum hann vera í samræmi við ákvæði laga og samþykktu félagsins og legg því til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 26. maí 2025

Védís Hervör Árnadóttir  
skoðunarmaður

Jónas Sigurðsson  
skoðunarmaður

# Skýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur IHM - Innheimtumiðstöðvar réttihafa fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Aðaltilgangur IHM er að móttaka og úthluta bótum úr ríkissjóði vegna bóta til réttihafa vegna eintakagerðar til einkanota eins og nánar er lýst í framangreindu ákvæði höfundalaga.

Aðilar að IHM eru STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar), SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), Hagþenkir, (Félag höfunda fræðiritar og kennslugagna), BÍ (Blaðamannafélag Íslands) SKL (Samtök kvikmyndaleikstjóra) SÍK (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda), FÍL (Félag íslenskra listamanna í sviðslitum og kvikmyndum) FK (Félag kvikmyndagerðamanna), Myndstef (Myndhöfundasjóður Íslands), FLÍ (Félag leikstjóra á Íslandi) og FLH (Félag leikskálda og handritshöfunda).

Aðilar að IHM endurvarp eru átta innlend samtök höfunda, flytjenda og framleiðenda. Þessi samtök eru STEF, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Rithöfundasamband Íslands, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Myndstef, Félag íslenskra leikara og Blaðamannafélag Íslands .

Hagnaður ársins nam 388 mkr., eða um 12,1 % meira en árið áður. Tekjur vegna eintakagerðar til einkaafnota voru hærrí en árið áður um 46,5 mkr., sem skýrist af því að ríkissjóður greiddi samtökunum leiðréttingu á tekjum vegna fyrra árs um 51,5 mkr., eða samtals um 290,3 mkr. Kostnaðarhlutfall af heildartekjum nam 8,3% samanborið við 9,5% árið á undan. Heildareignir í árslok námu 432,1 mkr. Skuldir við réttihafa og eigið fé réttihafa nam samtals 429,4 mkr. eða 99,4% af eignum.

Stjórn og framkvæmdastjóri IHM - Innheimtumiðstöð réttihafa staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. maí 2025

## Í stjórn

Guðrún Björk Bjarnadóttir, stjórnarformaður

Sigurður Örn Hilmarsson, varaformaður

Tómas Þorvaldsson

Gunnar Guðmundsson

Gunnar Hrafnsson

Magnús Hrafn Magnússon

Ásmundur Jónsson

Vera Sveinbjörnsdóttir

Hjörtur Ingvi Jóhannsson

## Framkvæmdastjóri

Björgvin Halldór Björnsson

## Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Tekjur skv. 3. mgr. 11. gr höfundalaga .....		290.261.545	243.700.000
Tekjur vegna endurvarps .....		108.911.326	119.900.000
	12	399.172.871	363.600.000
Laun og tengd gjöld .....	4	(20.699.253)	(20.880.320)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(9.797.011)	(6.953.965)
Sérkostnaður v endurvarps .....		(2.605.000)	(6.703.518)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	8,1	366.071.607	329.062.197
Fjármunatekjur .....	5	21.942.656	16.953.864
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>388.014.263</u>	<u>346.016.061</u>
<b>Skipting Hagnaðar ársins milli deilda:</b>	8,1		
Hreinar tekjur vegna 11. gr. Tekna .....		268.914.161	224.216.001
Hreinar tekjur endurvarps .....		97.157.446	104.846.196
		366.071.607	329.062.197
Fjármunatekjur .....		21.942.656	16.953.864
		<u>388.014.263</u>	<u>346.016.061</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2024</b>	<b>31.12.2023</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		106.140.433	146.462.700
Handbært fé .....		326.014.650	383.358.640
<b>Eignir</b>		<u>432.155.083</u>	<u>529.821.340</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Varasjóður .....	7	14.308.028	13.702.780
Óráðstafað eigið fé .....	8	0	0
Eiginfjárreikningur 11 gr. tekna .....	9,1	20.299.327	52.046.142
Eiginfjárreikningur endurvarps .....	9,2	257.046.349	205.998.207
<b>Eigið fé</b>		<u>291.653.704</u>	<u>271.747.129</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreiddar úthlutanir .....	9,	137.698.544	253.199.720
Aðrar skammtímaskuldir .....		2.802.835	4.874.491
		<u>140.501.379</u>	<u>258.074.211</u>
Skuldir		<u>140.501.379</u>	<u>258.074.211</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>432.155.083</u>	<u>529.821.340</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		366.071.607	329.062.197
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		366.071.607	329.062.197
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun .....		40.322.267	14.342.668
Rekstrartengdar skuldir, (lækkun) .....		(2.071.656)	(327.516)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		404.322.218	343.077.349
Innborgaðir vextir og arður .....		21.942.656	16.953.864
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>426.264.874</b>	<b>360.031.213</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddar úthlutanir til rétthafa 11.gr.tekna .....	9,1	(360.429.291)	(154.502.469)
Greiddar úthlutanir til rétthafa endurvarps .....	9,2	(123.179.573)	(31.939.954)
		(483.608.864)	(186.442.423)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....		(57.343.990)	173.588.790
Handbært fé í upphafi árs .....		383.358.640	209.769.850
Handbært fé í lok árs .....		326.014.650	383.358.640

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

IHM - Innheimtumiðstöð rétthafa er samband rétthafasamtaka, þ.á.m. höfunda, listflytjenda og framleiðenda tón- og kvikmyndaverka, til hagsmuna- og réttargæslu í samræmi við tilgang IHM.

Aðilar að samtökunum eru: STEF, (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar), SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), BÍ (Blaðamannafélag Íslands, SÍK (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda), FK (Félag kvikmyndagerðarmanna), SKL (Samtök kvikmyndaleikstjóra), FLÍ (Félag leikstjóra á Íslandi), Hagþenkir (Félag höfunda fræðiritra og kennslugagna), Myndstef (Myndhöfundasjóður Íslands) og FLH (Félag leikskálda og handritshöfunda).

Meginverkefni IHM er innheimta, umsýsla og úthlutun fjármuna á grundvelli þeirra fjárhagslegu réttinda sem undir samþykktir þessar falla eða hafa verið framseld IHM með samkomulagi við aðra rétthafa en sem aðild eiga að IHM, nánar tiltekið er um eftirfarandi fjárhagsleg réttindi og málaflokka að ræða: a) Bætur vegna eftirgerðar verka til einkanota skv. 3. mgr. 11.gr. höfundalaga nr. 73/1972. b) Endurvarp á óbreyttu útvarps- og sjónvarpsefni til almennings um kapalkefni samtímis hinni upphaflegu útsendingu sbr. 23. gr. a. í höfundalögum nr. 73/1972. c) Ólínulegt endurvarp útvarps- og sjónvarpsefnis til almennings, þ.m.t. vegna heimildar til að nálgast verndað efni á mismunandi tímum og með mismunandi móttökutækjum. d) Endurnot og endurútsendingar eldra efnis úr safni útvarpsstöðva sbr. 23. gr. b höfundalaga nr. 73/1972. e) Önnur innheimta og umsýsla fyrir aðildarfélög IHM og/eða aðra rétthafa, sem samtökunum hefur verið falið með sérstökum samningum þar að lútandi.

IHM endurvarp er með lögformlega viðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir starfsemi samtakanna sem byggist á því að innheimta t.d. fyrir endurvarp sjónvarpssendinga skv. 23.gr.a. í höfundalögum, en þar segir: „Verki, sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, má endurvarpa til almennings um kapalkefni óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu, að því tilskildu að sá sem ber ábyrgð á endurvarpinu hafi aflað sér heimildar til þess með samningum við samtök sem annast réttargæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda á sviði viðkomandi verks og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu [ráðuneytisins]1) skv. 23. gr.“ IHM endurvarp eru innheimtusamtök sem átta samtök höfunda, flytjenda og framleiðenda standa að. Þessi samtök eru STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, SFH, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, SÍK, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Rithöfundasamband Íslands, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Myndstef, Félag íslenskra leikara og Blaðamannafélag Íslands.

IHM - Innheimtumiðstöð rétthafa er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili samtakanna að Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun á skrifstofu .....	10.025.740	9.894.600
Stjórnar- og fulltrúaráðslaun .....	6.421.788	7.897.778
Laun skoðunarmanna .....	170.756	175.000
Bifreiðastyrkur og dagpeningar .....	731.078	125.000
	<b>17.349.362</b>	<b>18.092.378</b>
Lífeyrissjóður .....	2.025.842	1.719.043
Sjúkra- og orlofsheimilassjóður .....	115.388	85.081
Tryggingagjald .....	1.175.890	983.818
	<b>3.349.891</b>	<b>2.787.942</b>
	<b>20.699.253</b>	<b>20.880.320</b>

## Skýringar

### Skipting launakostnaðar milli deilda:

Hlutdeild vegna 11. gr. tekna .....	14.499.308	14.616.224
Hlutdeild vegna endurvarps í launakostnaði .....	6.199.945	6.264.096
	<u>20.699.253</u>	<u>20.880.320</u>
Meðalfjöldi stöðugilda á skrifstofu .....	1	1

## 5. Fjármunatekjur og -gjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	28.388.365	21.774.341
Bankakostnaður og fjármagnsgjöld .....	(11.340)	(30.121)
Fjármagnstekjuskattur .....	(6.434.369)	(4.790.356)
	<u>21.942.656</u>	<u>16.953.864</u>
<u>Skipting fjármunatekna milli deilda:</u>		
Hlutdeild rétthafa 11.gr tekna í fjármagnstekjum .....	5.051.960	6.039.812
Hlutdeild rétthafa endurvarps í fjármagnstekjum .....	16.890.696	10.914.052
	<u>21.942.656</u>	<u>16.953.864</u>

## 6. Skattar

IHM greiðir ekki tekjuskatt en greiðir fjármagnstekjuskatt af fjármunatekjum sínum. Skattar vegna reikningsársins verða engir umfram það sem IHM hefur þegar greitt sem afdráttarskatt af fjármunatekjum. Fjármagnstekjuskattur vegna áunninna en óinnheimtra fjármunatekna, svo sem af matsbreytingum verðbréfa, er reiknaður og færður sem skuldbinding í ársreikninginn þegar við á. Fjárhæð fjármagnstekjuskatts ársins er tilgreind í skýringu 5.

## 7. Varasjóður

Á aðalfundi IHM 2017 var Menningarsjóður IHM lagður niður og eignir hans færðar aftur inn í eigið fé IHM, en samtímis var samþykkt að auka í varasjóð IHM og byggja hann upp til sérstakra verkefna. Í samþykktum IHM er tilgangi varasjóðs lýst þannig: "Til að mæta óvæntum kröfum aðila, sem standa utan IHM, og kostnaði IHM, öðrum en rekstrarkostnaði, skal árlega leggja í varasjóð 5% af heildartekjum IHM hvers rekstrarárs. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 10.000.000 falla greiðslur til hans niður. Fjárhæð þessi skal endurskoðuð árlega miðað við verðlagsþróun og skal koma fram í ársreikningi samtakanna. Sé gengið á höfuðstólinn skulu greiðslur til hans hefjast að nýju skv. sömu reglum". Varasjóður IHM nam í ársbyrjun 13.702.780 kr. Framreiknað viðmið á stöðu varasjóðs nemur í árslok 14.308.028 kr., tillag ársins nemur því 605.248 kr. Tillögin í varasjóð hafa verið ráðstöfun af hreinum tekjum rétthafa vegna 11. gr. tekna.

	2024	2023
Varasjóður í ársbyrjun .....	13.702.780	12.687.173
Varasjóðstillag ársins .....	605.248	1.015.607
	<u>14.308.028</u>	<u>13.702.780</u>

# Skýringar

## 8. Óráðstafað eigið fé

### Til ráðstöfunar og skiptingar milli deilda:

	2024	2023
Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun .....	0	0
Hreinar tekjur ársins .....	388.014.263	346.016.061
Til ráðstöfunar.....	388.014.263	346.016.061

### Ráðstöfun og skipting milli deilda:

Tillag í Varasjóð .....	(605.248)	(1.015.607)
Nettó 11 gr. tekjur að frádr. varasj.tillagi fl. á eiginfjárreikning .....	(268.308.913)	(223.200.394)
Nettó endurvarpstekjur fluttar á eiginfjárreikning .....	(97.157.446)	(104.846.196)
Hlutdeild 11.greinar tekna í fjármagnstekjum ársins .....	(5.051.960)	(6.039.812)
Hlutdeild endurvarps í fjármagnstekjum ársins .....	(16.890.696)	(10.914.052)
Ráðstafað alls.....	(388.014.263)	(346.016.061)
Óráðstafað eigið fé í árslok .....	0	0

### 8.1. Skipting milli deilda:

Tekjur réttihafa hvorrar deildar eru aðgreindar hvorri deild fyrir sig og einnig er kostnaði sem fellur sérstaklega undir hvora deild haldið aðgreindum. Sameiginlegum launakostnaði vegna launakostnaðar og skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar er skipt á milli deilda. Skiptihlutfallið er nú 70% á móti 11.gr. tekjum og 30% á móti endurvarpstekjum. Hreinum tekjum hvorrar deildar er þannig aðgreindar og færðar til eiginfjárreikninga hvorrar deildar.

Skipting á hreinum tekjum deilda greininst þannig:

	v/ 11.gr. tekna		v/ endurvarps	
	2024	2023	2024	2023
<b>Til ráðstöfunar:</b>				
Tekjur skv. 3. mgr. 11. gr höfundalaga .....	290.261.545	243.700.000		
Tekjur vegna endurvarps .....			108.911.326	119.900.000
Laun og tengd gjöld .....	(14.499.308)	(14.616.224)	(6.199.945)	(6.264.096)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	(6.848.076)	(4.867.775)	(2.948.935)	(2.086.190)
Sérkostnaður v endurvarps .....			(2.605.000)	(6.703.518)
	268.914.161	224.216.001	97.157.446	104.846.196
Þar af tillag lagt í varasjóð .....	(605.248)	(1.015.607)		
	268.308.913	223.200.394		

# Skýringar

## 9. Eiginfjárreikningar deilda

Eigin fé hvorrar deildar, annars vegar eigið fé rétthafa 11.greinar tekna og hins vegar rétthafa endurvarpstekna, er haldið aðgreindu. Eigið fé deilda endurspeglar stöðu þess eigin fjár sem ekki hefur verið samþykkt úthlutunartillaga fyrir í árslok.

### 9.1. Eigið fé rétthafa 11. greinar tekna

	2024	2023
Eigið fé 11 gr. tekna frá fyrra ári .....	52.046.142	29.950.936
Hreinar tekjur ársins v 11 gr. tekna að frádr. varasjóðstillagi .....	268.308.913	223.200.394
Úthlutanir á árinu .....	(305.107.688)	(207.145.000)
Hlutdeild rétthafa 11.gr tekna í fjármagnstekjum .....	5.051.960	6.039.812
Eigið fé v 11.gr. tekna í árslok....	20.299.327	52.046.142

Úthlutun á árinu á árinu 2024 til aðila IHM vegna eintakagerðar til einkanota sbr. 11. gr. Höfundalaga, skipt skv qerðardómi 2022, sundurliðast þannig:

	uppígreiðsla v 2024 tekna	greitt v viðbótartekna 23	greitt v eldri eftirstöðva	Samtals
BÍ 2,0%.....	4.030.000	1.031.231	1.040.923	6.102.154
FK 3,5%.....	7.052.500	1.804.654	1.821.615	10.678.769
FLÍ 2,5%.....	5.037.500	1.289.039	1.301.154	7.627.693
Hagþenkir 4,0%.....	8.060.000	2.062.462	2.081.846	12.204.308
Myndstef 7,0%.....	14.105.000	3.609.308	3.643.230	21.357.538
RSÍ og FLH 11,0%.....	22.165.000	5.671.770	5.725.076	33.561.846
SFH 28%.....	56.420.000	14.437.233	14.572.920	85.430.153
SÍK 18,0%.....	36.270.000	9.281.078	9.368.306	54.919.384
SKL 10,0%.....	20.150.000	5.156.155	5.204.614	30.510.769
STEF 14,0%.....	28.210.000	7.218.615	7.286.459	42.715.074
Samtals.....	201.500.000	51.561.545	52.046.143	305.107.688

### 9.2. Eigið fé rétthafa endurvarps

	2024	2023
Eigið fé endurvarps frá fyrra ári .....	205.998.207	153.551.511
Fyrndar skuldir vegna úthlutana fyrri ára .....	15.395.977	0
Endurúthlutað fyrningarfé .....	(15.395.977)	0
Úthlutun á árinu fyrir endurvarp .....	(63.000.000)	(63.313.552)
Hreinar tekjur ársins fyrir endurvarp .....	97.157.446	104.846.196
Hlutdeild rétthafa endurvarps í fjármagnstekjum .....	16.890.696	10.914.052
Úthlutað vegna fjármagnstekna .....	0	0
Eigið fé v endurvarps í árslok.....	257.046.349	205.998.207

Á árinu var hluta hreinna endurvarpstekna úthlutað og tók úthlutunarfjárhæð mið af fjárhæð og úthlutun ársins 2021, kr. 63.000.000. Eftir standa á eiginfjárreikningi Endurvarps kr. 58.542.452 vegna tekna ársins 2022, kr 41.846.196 vegna tekna ársins 2023 auk hreinna tekna / (gjalda) ársins 2024 og hlutdeildar í fjármunatekjum ársins kr. 16.890.696 og fyrri ára kr. 42.609.648.

Af úthlutunum endurvarps fyrri ára (vegna 2012-2018) var hluti af hlutdeild "20 hópsins" ógreiddur vegna þess að ekki finnst rétthafi að þeim fjárhæðum. Skuldir þessar eru taldar fyrndar og voru færðar aftur til úthlutunar á árinu. Fjárhæðin nam 15.395.977.

Úthlutun á árinu 2024 til aðila endurvarpsdeildar IHM, sundurliðast þannig:

	úthlutun ársins	endurúthlutað
UBOI 36,0%.....	22.680.000	
AGICOA / SÍK 26,0%.....	16.380.000	
STEF 18,0%.....	11.340.000	
Önnur aðildarfélög 20,0%.....	12.600.000	15.395.977
Samtals.....	63.000.000	15.395.977

Af úthlutun ársins er hlutur "20% hópsins" ógreiddur í árslok og færð sem skuld meðal Ógreiddra úthlutana.

# Skýringar

## 10. Ógreiddar úthlutanir

Ógreiddar úthlutanir samanstanda af samþykktum ráðstöfunum af eiginfjárreikningum til úthlutunar en sem ekki hefur verið hægt að greiða út til rétthafa vegna ósamkomulags aðila um um skiptingu, eða að rétthafar finnast ekki. Reynt er eftir megni að koma fjármuninum til rétthafa, en ef ekki tekst að greiða út þessa fjármuni verður tekin sérstök ákvörðun af stjórn um að færa þá aftur inn á eiginfjárreikninga viðkomandi deilda til endurúthlutunar.

Ógreitt vegna úthlutana f. endurvarp, 20% hópur .....	129.272.612	164.730.260
Ógreitt vegna úthlutana f endurvarp, agicoa / sik .....	0	16.461.524
Ógreiddar úthlutanir 11. gr. tekna .....	0	55.321.603
Ógreiddar úthl. frá erl. systursamtökum, v eintakagerð .....	0	2.050.468
Ógreiddar úthl. frá erl. systursamtökum, v endurvarp .....	8.425.932	14.635.865
	<u>137.698.544</u>	<u>253.199.720</u>

Megin hluti ógreiddra úthlutana í árslok eru 129,3 mkr vegna hlutdeildar erlendra aðila í úthlutuðum nettótekjum undanfarin ár til 20% hluta endurvarps. Í árslok lágu fyrir skilgreinar til systursamtakanna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð til greiðslu þeirra hluta í fjárhæðinni, eða 103,8 mkr., sem var greitt í ársbyrjun 2025. Hluti annarra erlendra aðila í skuldinni nemur þá 25,5 mkr., og er ógreitt þegar ársreikningur þessi er undirritaður. Innborganir erlendra systursamtaka á árinu námu kr 8.425.932, sem IHM greiðir áfram út til innlendu aðilanna í 20% hópnun.

## 11. Önnur mál

Alþingi samþykkti á haustmánuðum 2016 breytingu á höfundalögum þar sem ma. kveður á um að IHM skuli fá sérstakar bótagreiðslur úr ríkissjóði á grundvelli 11 gr. höfundalaga. Árleg bótafjárhæð var reiknuð um 245 mkr. Bótagreiðsla til IHM skv höfundalögunum er háð heimildum í fjárlögum hvers árs. Bótagreiðslan af fjárlögum á árinu 2024 nam 238,7 mkr. (2023 nam 244 mkr). Auk þess greiddi ríkissjóður IHM á ársinu 2024 uppætur á tekjur ársins 2023, 51.561.545 kr. Heildargreiðslur ríkissjóðs á árinu námu því 290.261.545 kr. IHM tekjufærir bótagreiðslurnar á greiðsluári.

Samningar IHM við miðla, sem dreifa línulegri og ólínulegri dagskrá og dagskrárefni annarra miðla, hafa verið lausir á árinu og var innheimta á tekjum "Endurvarps" fyrir notkun miðlanna á árinu ekki framkvæmd fyrr en eftir uppgjörsdag. Tekjur endurvarpsdeildar fyrir árið 2023 voru áætlaðar til bráðabirgða í ársuppgjöri 2023 og innheimtust þær á árinu 2024. Sama aðferð er viðhöfð í ársuppgjöri 2024 og færðar þannig í ársreikninginn sem endurvarpstekjur ársins og sem útistandandi tekjur í árslok.

## 12. Skipting tekna og gjalda og rétthafar

Tekjur IHM eru tvíþættar og rétthafar skipta þeim tekjum að frádregnum gjöldum með sitthvorum hætti.

Annars vegar eru tekjur frá Ríkissjóði vegna 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972, og síðari breytingar, þar sem kveðið er á um sérstakt gjald til handa höfundum að listaverkum sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti vegna upptöku verkanna á hljóð- eða myndbönd til einkanota. Skipting þessara tekna að frádregnum kostnaði fer eftir Gerðardómi frá 25. maí 2022 á milli samtaka rétthafa sem aðild eiga að. (sjá rétthafalista í skýringu nr. 9,1) Í ársreikningi eru þessar tekjur nefndar tekjur vegna 11. gr höfundalaga.

Hins vegar eru innheimtar tekjur frá sjónvarpsstöðvum fyrir endurvarp sjónvarpsrása annarra stöðva, innheimtar á grundvelli 23. gr. a. í höfundalögum nr. 73/1972, og fyrir ólínulega notkun sem byggir á samþykktum IHM sbr. gr 2.2.1. Í ársreikningi eru þessar tekjur nefndar "tekjur fyrir endurvarp", eða "endurvarpstekjur". Skipting þessara tekna að frádregnum rekstrarkostnaði fer eftir samkomulagi rétthafahópanna sem er í gildi hverju sinni. (sjá rétthafalista í skýringu nr. 9,2)

Rekstrarkostnaður félagsins skiptist til milli annars vegar rétthafa sem eiga réttindi á grundvelli 11. gr. höfundalaga (70%) og hins vegar rétthafa sem eiga réttindi tengd endurvarpi sjónvarpsrása, sem og tengd réttindi, (30%). Kostnaður sem fellur til sérstaklega vegna réttindagæslu annars rétthafahópsins er sérstaklega tilgreindur og dreginn frá réttindagreiðslum til þess rétthafahóps.

Skipting fjármunatekna að frádregnum fjármagnsgjöldum er skipt á milli rétthafahópanna eftir stöðu eigin fjár hvors rétthafahóps að teknu tilliti til innheimtustöðu tekna og greiðslu úthlutana.

Aðrar tekjur og réttindagreiðslur sem IHM móttækur og útteilir eru greiðslur sem IHM móttækur frá systursamtökum sínum; Copydan, Copyswede og Norwaco, fyrir hlutdeild rétthafa innan aðildarsamtaka IHM í þarlandum tekjum. Móttækur slíkar greiðslur sem ekki hafa verið greiddar út til rétthafasamtaka í árslok eru meðal skulda í efnahagsreikningi undir liðnum Ógreiddar úthlutanir. (sjá skýringu nr. 10)

## 13. Reikningsskilaaðferðir

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi. Tekjur frá útvarps- og sjónvarpsstöðvum fyrir notkun á íslenskum markaðshljóðritum á tekjuárinu eru tekjufærðar í samræmi við samninga þar að lútandi. Tekjur utan útvarpsstöðva eru byggðar á gjaldsskrá SFH og samningum við einstaka notendur.

### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

### Skattamál

Samtökin eru ekki í tekjuskattskyldri starfsemi. Fjármagnstekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir skattstofnum fjármunatekna og skatthlutfallið er 22%.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekens atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.